

# Kennsluleiðbeiningar

## Handritin okkar – fjársjóður frá miðöldum

Kæri viðtakandi.

Þann 21. apríl árið 2021 verða 50 ár liðin frá því að fyrstu handritin voru send heim frá Danmörku og afhent okkur Íslendingum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mun fagna þessum tímamótum á margvíslegan hátt en sérstök áhersla er lögð á að kynna menningararfinn okkar, miðaldahandritin, fyrir nýjum kynslóðum Íslendinga.

Þetta kennsluefni er einn liður í því. Það er einkum ætlað nemendum á miðstigi grunnskóla og hefur tengingu við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Meðfylgjandi er tillaga að kennslustund um íslensku miðaldahandritin. Fjallað er um tilurð þeirra, höfunda, handverk og varðveislu. Árni Magnússon er kynntur til leiks og sagt er frá stórbrunnum í Kaupmannahöfn. Auk þess er sagt frá baráttu Íslendinga á 20. öld við að fá handritin heim. Einnig fylgir ítarlegur upplýsingatexti fyrir kennara, umræðupunktur og verkefni.

### Kennslustundin

Markmið:

- að nemendur kynnist almennt íslenskum miðaldahandritum, hvernig þau urðu til og hvaða áhrif þau hafa haft á menningarsöguna allt til þessa dags.
- að nemendur kynnist aðferðum skrifara/rithöfunda miðalda við að koma frá sér texta og beri saman við nútímaaðferðir.
- að nemendur þekki hugtakið menningararfur og hversu merkilegur og mikilvægur hann er.
- að nemendur þekki sögu Árna Magnússonar og hlutverk hans í söfnun og varðveislu miðaldahandrita Íslendinga.

Gert er ráð fyrir að fyrirlögnin taki um 80 mínútur.

# Kennsluleiðbeiningar

<b>Kveikja og innlögn</b>	<p>Kennari undirbýr kennslustundina með því að safna saman bókum af skólabókasafninu og kennslubókum með efni sem rekja má til fornsagnanna (sjá lista yfir bækur undir ítarefni). Stillir þeim upp í kennslurýminu.</p> <p>Rafglærur 1–5 eru hugsaðar sem kveikja að kynningunni sem á eftir kemur. Gott að láta fyrstu rafglæru taka á móti nemendum þegar þeir mæta í tímenn.</p>
<b>Rafglærुकynning</b>	<p>Fróðleikur á rafglærum. Yfirferðin tekur um 30 mínútur. Kennari les glærumar, bætir ef til vill við ítarupplýsingum (sjá aftar í kennsluleiðbeiningum) og sníður að sínum nemendahópi. Hægt er að stoppa kynninguna og brjóta upp með verkefnum eða umræðum ef kennara þykir þörf á.</p> <p>Þegar kynningu er lokið er tilvalið að vekja athygli á öllum þeim bókum sem kennari hefur stillt upp og benda á að höfundar þeirra hafi sótt innblástur til sagna og kvæða sem skrifuð voru á miðöldum. Sögurnar okkar lifa enn góðu lífi.</p>
<b>Umræður</b>	<p>Umræðuspurningar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>-Hvaða kvikmyndir og/eða sjónvarpsþætti þekkið þið sem gætu átt rætur að rekja til sögusviðs og persóna miðaldahandritanna?</li><li>-Rithöfundar miðalda voru langflestir karlmenn. Af hverju ætli það hafi verið? Hverjir skrifa bækur nú á dögum? Þekkið þið rithöfunda?</li><li>-Hvað ætli hafi verið erfiðast við starf skrifara í gamla daga? Hefðuð þið viljað starfa við skriftir? Af hverju / Af hverju ekki?</li><li>-Það var sérlega stressandi að vera teiknari á miðöldum? Af hverju ætli það hafi verið?</li><li>-Margt breyttist þegar prentvélar voru fluttar til landsins. Hvað?</li><li>-Berið saman skinnhandrit og listaverk. Hvað eiga fyrirbærin sameiginlegt?</li><li>-Eru miðaldahandritin alvöru fjársjóður? Af hverju / Af hverju ekki?</li></ul>
<b>Verkefni</b>	<p>Þeir sem vilja vinna áfram með viðfangsefnið geta nýtt sér meðfylgjandi verkefni.</p> <p>Auk þess er tilvalið að skoða nánar sögur af Sæmundi fróða, rifja upp frásagnir af landnámi og landnámsmönnum, vinna með Snorra sögu, eða tengja við námsefni um norræna goðafræði.</p> <p>Tilvalið er að leyfa nemendum að skoða og grúska á eftirfarandi vefsíðum: Vefur um miðaldabókmenntir og vinsælar sögupersónur: <a href="http://www.islendingasogur.is/">www.islendingasogur.is/</a> Allt sem þú þarft að vita um íslensk miðaldahandrit: <a href="http://www.handritinheima.is">www.handritinheima.is</a> Hér er hægt að opna, fletta og rýna í nokkur af okkar glæsilegustu miðaldahandritum: <a href="https://hirslan.arnastofnun.is/">https://hirslan.arnastofnun.is/</a></p>

# Kennsluleiðbeiningar

## Ítarefni

### **Kennslubækur byggðar á fróðleik úr gömlum handritum:**

Landnámið

Sögueyjan 1

Snorra saga – Þórarinn Eldjárn

Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum – Birgir Loftsson

Frá Róm til Þingvalla – Helgi Skúli Kjartansson

Víkingaöld – Sigrún Helgadóttir

Lífið í Ásgarði – Iðunn Steinsdóttir

Óðinn og bræður hans – Iðunn Steinsdóttir

Æsir á fljúgandi ferð – Iðunn Steinsdóttir

ýmsar útgáfur af fornsögum

Gísla saga Súrssonar

Egils saga,

Brennu-Njáls saga

Laxdæla saga

### **Önnur ritverk sem sækja innblástur í fornsögur:**

Goðheimabækurnar

Hobbitinn

Hringadróttinssaga

Þín eigin goðsaga – Ævar Þór Benediktsson

Af hverju ég? – Hjalti Halldórsson

Fjóli Fífls og lausnargjaldið – Kristjana Friðbjörnsdóttir

Úlfur og Edda – Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Nornasaga – Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Þór í heljargreipum – Friðrik Erlingsson

Púkablístran (sögur af Sæmundi fróða) – Njörður P. Njarðvík

Njála, Laxdæla og Egla – Brynhildur Þórarinsdóttir

Gásagátan – Brynhildur Þórarinsdóttir

Vargöld – Bók 1 og 2 – Þórhallur Arnórsson, Jón Páll Halldórsson

Síðasti galdrameistarinn – Ármann Jakobsson

Listinn er langt frá því að vera tæmandi. Það er um að gera að fara á bókasafnið, grúska og finna fleiri bækur.

# Kennsluleiðbeiningar

## Í stuttu máli fyrir kennara

Ítarlegri umfjöllun um efnið sem fjallað er um á rafglærunum.

### Landnemar

Landnemar Íslands komu hingað til lands úr ólíkum áttum og fluttu með sér sagnir og kvæði sem síðan bárust mann fram af manni í munnlegri geymd. Aðallega voru þetta kvæði um goð og hetjur (eddukvæði) eða lofkvæði um konunga eða önnur stórmenni (dróttkvæði). Þessar fyrstu kynslóðir Íslendinga notuðust lítið við ritað mál enda var eina þekkt aðferð þeirra til ritunar að rista rúnir í stein, á tré og bein.

### Kristnitakan og evrópsk menningaráhrif

En með kristnitökunni varð breyting á. Ríkir og ættstórir ungir menn héldu utan til náms og tileinkuðu sér ritmál latínunnar þ.e. nýtt stafróf sem byggðist á bókstöfum en ekki rúnum. Þeir lærðu auk þess aðferðir við að verka skinn lítilla spendýra og nýta í bækur. Slíkt skinn var nefnt bókfell. Á það var ritað með fjaðrapennum gerðum úr flugfjöðrum stórra fugla t.d. álfta, gæsa, helsingja, hrafnna eða arna.

Lærlingarnir lærðu einnig að blanda blek og liti sem nýttir voru til að skreyta handritin. Menntastofnanir urðu til á Íslandi á biskupsstólum, í klaustrum og á höfðingjasetrum. Fámenn menntastétt myndaðist í landinu sem las latínu og gat ritað texta með latneska stafrófinu. Þegar þessi þekking lá fyrir var lærðum Íslendingum ekkert að vanbúnaði að skrásetja sögur sínar, kvæði, lagatexta og annan mikilvægan fróðleik.

### Afkastamiklir rithöfundar og skrifarar í margar aldir

Og þeir hófust handa. Skráð voru á skinn forn kvæði og goðsögur sem geymst höfðu í munnmælum. Handritaskrif hófust fyrir alvöru á 12. öld. Elstu varðveittu skinnhandrit og handritabrot eru frá þeim tíma.

Merkustu bókmenntir miðalda voru ritaðar á 13. öld, s.s. Konungsbók eddukvæða, Grágás, Sturlunga, Snorra-Edda, Heimskringla, Egils saga og að líkindum Njáls saga. Þekking okkar á ásatru er til að mynda að mestu að þakka fornum kvæðum og sögum sem ritaðar voru á þeim tíma. Einnig voru menn duglegir að skrásetja sögur af samtímafólki, laga- og fræðitexta um ýmis mál auk helgisagna og annarra trúarlegra texta.

Á fyrri hluta 14. aldar var ákveðið blómaskeið í handritagerð. Handrit frá þeim tíma eru vönduð og vegleg og mikið lagt upp úr myndlýsingum. Nokkuð var um gerð stórra safnbóka á þessu tímabili þar sem eldri handrit voru endurskrifuð og safnað saman. Dæmi um slíka safnbók er Flateyjarbók sem var skrifuð að beiðni bónda nokkurs í Vatnsdal.

Á sama tíma eykst bókaútflutningur frá Íslandi til Noregs. Handritin voru ýmist gefin sem gjafir eða unnin að ósk norskra fyrirmenna. Það var sammerkt með langflestum handritanna að þau voru rituð á móðurmáli skrifaranna, norrænu, en það var ekki venjan þar sem latína var helsta ritmálið í Evrópu á þessum tíma.

# Kennsluleiðbeiningar

Á 15. öld var ákveðin lægð í bókagerð. Svarti dauði geisaði og nær þriðjungur landsmanna deyr strax í upphafi aldarinnar. Næstu áratugina er aðallega verið að skrifa upp eldra efni, en nokkuð var um að textar væru þýddir úr ensku, þýsku og dönsku.

Um 1530 kemur fyrsta prentverkið til Íslands og nýtt efni, pappír, berst til landsins. Næstu 100 árin keppast Íslendingar við að endurskrifa gamlar skinnbækur á pappír. Þökk sé þessum dugnaði eigum við nú pappírsútgáfur af skinnbókum sem ekki hafa varðveist.

## Höfundarnir

Langflestir höfundar og skrifarar eru óþekktir. Hér eru nokkrir af þeim sem þekktastir eru, sumir fyrir stórbrotin ritverk en aðrir fyrir framlag sitt til þróunar á ritmenningu miðalda.

**-Sæmundur fróði:** Skrifaði um konunga í byrjun 12. aldar. Handritið var ritað á latínu en hefur ekki varðveist.

**-Ari fróði Þorgilsson:** Skrifaði Íslendingabók á norrænu á árunum 1122–1133. Þar segir frá sögu Íslands frá landnámi til 1118 og helstu landnámsmenn kynntir. Þar segir einnig frá stofnun Alþingis, hvernig landinu var skipt í fjórðunga og landafundum á Grænlandi. Einnig er að finna nákvæma frásögn af kristnitökunni á Íslandi.

**-Fyrsti málfræðingurinn:** Óþekktur höfundur sem skrifaði fyrstu kennslubókina um íslenskt mál. Í bókinni er lagður grunnur að íslenska stafrófinu og bent á mikilvægi þess að samræma stafsetningu svo allir geti lesið og skilið það sem skrifað er.

**-Snorri Sturluson** var stórtækur rithöfundur á 13. öld. Hann er höfundur Snorra-Eddu, sem er ein helsta heimild sem nútímafólks á um Æsina og ævintýri þeirra. Hann skrifaði líka Heimskringlu þar sem sögð er saga Noregskonunga. Margir eru einnig á þeirri skoðun að Snorri sé höfundur Egils sögu.

**-Sturla Þórðarson** (bróðursonur Snorra Sturlusonar) lýsti atburðum Sturlungaaldar þegar hann, ásamt öðrum óþekktum höfundum, skrifaði sögusafnið Sturlunga sögu undir lok 13. aldar. Sturlunga lýsir blóðugri valdabaráttu höfðingjaætta á Íslandi sem leiddu að lokum til þess að Íslendingar urðu þegnar Noregskonungs.

# Kennsluleiðbeiningar

## Árni Magnússon

Árni Magnússon var prestssonur, fæddur árið 1663. Hann var svo lánsamur að komast í skóla í Skálholti og fékk snemma mikinn áhuga á fornum fræðum. Hann átti ekki langt að sækja þann áhuga en afi hans, Ketill Jörundarson, var einn af þekktustu skrifurum landsins á þessum tíma.

Árni fór til Kaupmannahafnar, lærði guðfræði, vann hjá fornfræðingi Danakonungs og varð að lokum prófessor við Hafnarháskóla. Hann hóf snemma að safna íslenskum miðaldahandritum og skjölum sem hann rakst á bæði erlendis og hér á Íslandi. Á árunum 1702–1712 var Árni við störf á Íslandi fyrir Danakonung og náði þá að safna saman fjölda handrita sem hann hafði með sér heim til Kaupmannahafnar.

Segja má að það hafi verið mikið lán því sára fátækt ríkti á Íslandi á þessum tíma og sumum þótti tilvalið að endurnýta þessar gömlu skrúddur í eitthvað nytsamlegt eins og innlegg í skó, sniðmát eða hlífðarkápur utan um yngri pappírshandrit eða bækur.

Árið 1728 var handritasafn Árna orðið eitt það merkasta á Norðurlöndum. Þá um haustið varð stórbruni í Kaupmannahöfn og varð hús Árna fyrir barðinu á honum. Árni, ásamt fámennu liði, náði að bjarga nokkrum vagnhlössum af skinnhandritum og prentuðum bókum úr brunanum en mörg ómetanleg handrit, handritsbrot og pappírshandrit urðu eldinum að bráð.

## Handritin heim

Í byrjun 20. aldar kröfðust Íslendingar þess af Dönum að öllum skjölum og handritum er snertu sögu landsins, m.a. þeim er höfðu verið í vörslu Árna Magnússonar, yrði skilað til Íslands. Dönsk stjórnvöld tóku það ekki í mál í fyrstu en gáfu svo eftir, sérstaklega eftir að Íslendingar öðluðust sjálfstæði. Báðar þjóðir sættust að lokum á að skipta menningararfinum á milli sín.

Árið 1961 var gert samkomulag um að handrit með efni sem varðaði Ísland og íslensk málefni yrðu flutt til landsins. Árið 1971 komu fyrstu tvö handritin, Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók, með dönsku varðskipi til landsins. Handrit bárust svo reglulega allt til ársins 1997 þegar síðustu handritin voru afhent Íslendingum.

Í dag eru þessi handrit og handritsbrot geymd á Árnastofnun í Reykjavík. Auk þess er íslensk miðaldahandrit að finna í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og víðar.

## Heimsmínjar

Árið 2009 var handritasafn Árna Magnússonar sett á heimsmínjaskrá UNESCO. Í því felst mikil viðurkenning og sýnir hversu mikilvægur íslenskur handritaarfur er.

Í rökstuðningi UNESCO er bent á að handritasafnið geymi ómetanlegar upplýsingar um sögu og menningu Norðurlanda og hluta Evrópu á miðöldum.

Safnið allt telur um 3000 handrit og handritsbrot.

# Kennsluleiðbeiningar

## Heimildir og myndir

Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

**[www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)**

Handritin heima, fræðsluvefur saminn af Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur og Laufeyju Guðnadóttur í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

**[www.handritinheima.is](http://www.handritinheima.is)**

Myndir af handritum í rafglærum eru af vefnum [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

Glæra 14: Skarðsbók Jónsbókar AM 350 fol. og Flateyjarbók GKS 1005 fol.

Glæra 15: Íslendingabók AM 113 g fol.

Glæra 21: Melsteðs-Edda SÁM 66 og Heynesbók AM 147 4to

Glæra 23: Skrifarastofan, úr þýsku handriti

Glæra 11: Höggmyndin Sæmundur á selnum eftir Ásmund Sveinsson. Staðsett fyrir framan Háskóla Íslands.



**STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR**  
í íslenskum fræðum

[www.handritinheima.is](http://www.handritinheima.is)

[www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

© Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Kristjana Friðbjörnsdóttir setti saman.